

ALÞINGI að Úlfjótstvatni 24. til 28. júlí

Eftir að hafa verið víðsvegar um landið mæta þátttakendurnir úr Leiðöngrunum 52 allir að Úlfjótstvatni. Fyrir hádegi föstudaginn 24. júlí rís þar 3100 manna tjaldbúð skáta frá 50 löndum.

Almennu dagskránni er skipt upp í 5 dagskrárþorp:

- Listaportið (*Arty party Village*)
- Þjóðfélagsporpið (*Politic, society, science and technology Village*)
- Umhverfisporpið (*Environment Village*)
- Víkingaportið (*Viking Village*)
- Íþróttaportið (*Sport Village*)

Auk þess verður boðið upp á fjölda stuttra ferða um nágrenni Úlfjótstvatns og fjölbreytta skemmtidagskrá.

- Fimm kaffihús verða opin á svæðinu, hvert með sína sérstöðu í veitingum, tónlist og stemningu, Tékkneskt tehús, Buris Boozt Bar, Ýmis Inn, Ginnungagap Staff Café og Cafe Auðhumla.
- Kvikmyndatjald þar sem sýndar verða íslenskar bíómyndir.
- Útvarpsstöðin Ragnarök 93,1 er tónlistarstöð mótsins og flytur jafnframt fréttir af markverðustu viðburðum mótsins hverju sinni.
- Dagblaðið Ratatoskr kemur út daglega með flytur af fréttir og upplýsingar um það sem hæst ber.
- Málstofur og vinnuhópar spá og spekulera í stjórnmálum, efnahagsmálum, umhverfismálum, trúmálum, menningarmálum, heilbrigðismálum og svo mætti lengi telja.
- Á kvöldin verður svo boðið upp á varðelda, tónlistaruppákomur, leiksýningar og kaffistofuspjall.

Karnival-dagurinn sunnudaginn 26. júlí verður hápunktur skemmtidagskrárinnar.

(fjölmiðlar eru sérstaklega boðnir velkomnir í heimsókn til okkar þann dag)

Skemmtidagskráin hefst kl. 14:00 og stendur fram eftir kvöldi, öll kaffihúsin verða opin og allir erlendu hópanna 50 setja upp einn eða fleiri kynningarbása með þjóðlegri menningar og skemmtidagskrá, fjölbreytnin er gríðarleg og geta þátttakendur lært gríska, skoska, tékkneska, rúmenska, slóvenska, búlgarska, katalónska, írska og spænska dansa. Lært að búa til grískt „kompoloi“, kynnst hollenskum drottningardegi, kynnst búlgörku handverki, leikið maltneskt „passju“ og slóvenskt „lietaéky“, tekið þátt í sænskri „Mini-Wasa“ skíðagöngu án skíða, leikið á slóvenskt „fujara“ smakkað á Lúxembu-grískum „Kniddelen“, spænskum ommelettum, finnskum pönnukökum, bavarian osti, þýsku „Tschai“ og svo mætti lengi telja.

Á vappi um svæðið verður trúðasveit, blöðrusalar, menn sem forma dýr úr blöðrum, Street hustlers sem leyfa þátttakendum að margfalda peninga sína með veðmálum og aðrar torkennilegar og óvæntar uppákomur.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.